



Reykjavík 2. maí 2023

**Umsögn Sjúkraliðafélags Íslands um að frumvarpi að lögum um breytingu á lögum nr. 34/2012 um heilbrigðisstarfsmenn, varðandi hækkun hámarksaldurs heilbrigðisstarfsmanna ríkisins í 75 ár. Þingskjal 1535 — 987. mál**

Það er óumdeilt að það er mönnunarvandi í heilbrigðiskerfinu. Stjórnvöld telja að hækkun hámarksaldurs heilbrigðisstarfsfólks sé liður í því að mæta þeim vanda. Sjúkraliðafélag Íslands telur hins vegar að þessi lausn dugi skammt.

Það þarf að ráðast á rót vandans. Enn er verið að útskrifa of fáa nemendur úr heilbrigðisvísindum og of margir fara úr heilbrigðiskerfinu sem þó hafa menntað sig á sviði heilbrigðismála. Um helmingur nýútskrifaðra sjúkraliða starfa við annað en fagið. Starfsmannavelta er alltof há en t.d. innan Landspítalans er starfsmannavelta sjúkraliða 63% hærri en hjá hjúkrunarfræðingum.

Stjórnvöld geta ekki komist hjá því að bæta launakjör, aðstæður og aðbúnað hjá heilbrigðisstarfsfólki. Mönnunarvandi heilbrigðiskerfisins er því einnig fjármögnunarvandi.

Þegar kemur að hugsanlegri hækkun starfsaldurs hjá sjúkraliðum þá hefur Sjúkraliðafélag Íslands í raun barist fyrir hinu gagnstæða. Það er að sjúkraliðar geti hafið lífeyristöku fyrr en nú er gert, án skerðingar á lífeyri. Það er ekki síst stutt með þeim rökum að starf sjúkraliða er afskaplega krefjandi og slítandi.

Í nýlegri könnun Sjúkraliðafélagsins kom fram að rúmlega helmingur sjúkraliða var frekar andvígur eða mjög andvígur því að hámarksaldur heilbrigðisstarfsmanna myndi hækka í 75 ár, og tæp 8% mjög hlynnt. Það eru sláandi niðurstöður.

Samkvæmt annarri könnun félagsins glímir um þriðjungur sjúkraliða við alvarlega eða miðlungskulnun í starfi, og um 70% sjúkraliða upplifa streitu í vinnunni. Sjúkraliðar á Landspítalanum mælast með meira álag og streitu en á öðrum vinnustöðum.

Samkvæmt Forbes tímaritinu er hjúkrun og störf sem sjúkraliðar stunda eitt hið hættulegasta í heimi. Erfiðleikastig starfsins er óneitanlega hátt. Þegar vanbúnaður og fjárskortur stofnana bætist ofan á, þá er augljóst að eitthvað getur gefið eftir.

Sé hins vegar hámarksstarfsaldur heilbrigðisstétta hækkaður með þeim hætti sem hér er lagt til þarf að huga að mörgu. Ekki síst þarf að huga að lífeyrisréttindum og starfsaðstæðum

þessa fólks. Mjög mikilvægt er að sjúkraliðar geti haft sveigjanleg starfslok án þess að það skerði lífeyrisgreiðslur þeirra.

Samkvæmt frumvarpinu mun greiðsla í skyldulífeyrissparnað ekki breytast og því munu þær greiðslur hætta við 70 ára aldur, einnig hjá því heilbrigðisstarfsfólki sem kys að vinna lengur en það. Sjúkraliðafélag Íslands veltir því fyrir sér hvort tryggja ætti rétt þessa starfsfólks til að safna í skyldulífeyri ásamt því að fá samsvarandi mótframlag atvinnurekanda í þann sjóð.

Samkvæmt frumvarpinu mun starfsfólk á aldrinum 70-75 ára eiga rétt á að greiða iðgjald til viðbótarlífeyrissparnaðar og fá mótframlag atvinnurekanda í þeim efnum. Í því ljósi þarf að hafa í huga að ekki hafa allir starfsmenn sömu fjárhagslegu tækifæri til að greiða í viðbótarlífeyrissparnað enda hefur það legið lengi fyrir að tekjuhærri hópar samfélagsins eru mun líklegri til að spara í séreignarsparnað en tekjulægri hópar. Sjúkraliðar tilheyra ekki tekjuhærri hópum samfélagsins.

Þá þarf einnig að huga sérstaklega að því á hvaða kjörum hinir öldruðu muni starfa eftir. Verði frumvarpið að lögum þarf að tryggja starfskjör og réttindi 70-75 ára heilbrigðisstarfsfólks rýrist ekki með nýjum ráðningarsamningum. Nær væri að þau verði betri.

Í Danmörku hefur sérstaklega verið komið til móts við erfiðisvinnufólk þegar kemur til hækkunar lífeyristökualdurs, til dæmis með sérstökum ívilnunum í almannatryggingum (förtidspension).

Það getur verið að einhverjir sjúkraliðar kjósi að vinna lengur en til 70 ára og mun Sjúkraliðafélag Íslands að sjálfsögðu ekki leggja gegn því, en leggur áherslu á að ef til þess kemur þá fylgi því ákveðnar ívilnanir.

Samkvæmt frumvarpinu verður gerður nýr ráðningasamningur ef fólk kys að vinna lengur en 70 ára. Það má hins vegar velta fyrir sér ef ekki stendur til að bæta kjörin í hinum nýja ráðningarsamningi, af hverju eldri ráðningarsamningur gildi einfaldlega ekki áfram?

Í gildandi ráðningarsamningi gætu verið kjör sem glatast við gerð á nýjum ráðningarsamningi. Er það ætlun löggjafans? Það væri afar gagnlegt ef velferðarnefnd gæti tekið afstöðu til slíks í nefndaráliti sínu.

En mönnunarvandinn í heilbrigðiskerfinu verður ekki leystur með eldri borgurum að sinna öðrum eldri borgurum.

Sjúkraliðafélag Íslands leggur mikla áherslu að ræða frekar þessi mál við velferðarnefnd Alþingis og óskar eftir að fylgja eftir umsögn þessari með nefndinni.

**Virðingarfyllst, Sandra B. Franks, formaður Sjúkraliðafélag Íslands**